

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Hollvini AFS á Íslandi, nr. 1231/2013.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

5. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stofnsett skal fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar og skal það skipað hollvinum hennar.

Hollvinir stofnunarinnar eru þeir félagar sem lagt hafa stofnuninni til stofnframlag eða sambærilegt framlag síðar, svo og einstaklingar sem stjórn stofnunarinnar hefur samþykkt, sbr. 6. gr. Hollvinir skulu greiða árgjald til stofnunarinnar skv. ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs. Greiði hollvinur ekki árgjald í tvö ár samfellt telst hann ekki lengur til hollvina.

Fulltrúaráðinu er fengið það hlutverk með þessari skipulagsskrá, að kjósa stjórn stofnunarinnar og hafa eftirlit með störfum hennar.

6. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn úr röðum hollvina. Tveir stjórnarmanna eru kjörnir á aðalfundi fulltrúaráðsins til tveggja ára í senn. Á fyrsta aðalfundi fulltrúaráðsins skal þó annar stjórnarmanna kjörinn til eins árs og hinn til tveggja ára. Þriðji stjórnarmaðurinn er tilnefndur af stjórn AFS á Íslandi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Víki kjörinn stjórnarmaður úr stjórn áður en kjörtímabili er lokið geta þeir stjórnarmenn sem eftir sitja kallað annan hollvin til setu í stjórninni í hans stað fram að næsta aðalfundi fulltrúaráðs sem þá skal kjósa nýjan stjórnarmann til setu út viðkomandi kjörtímabil. Víki stjórnarmaður tilnefndur af stjórn AFS á Íslandi úr stjórn áður en kjörtímabili er lokið skal stjórn AFS á Íslandi tilnefna nýjan stjórnarmann í hans stað.

Helsta hlutverk stjórnar er að móta fjárfestingastefnu stofnunarinnar og fylgjast með framkvæmd hennar. Stjórn er heimilt að gera samninga við viðurkennt fjármálafyrirtæki um að taka að sér fjárvörslu stofnunarinnar og fela þriðja aðila að annast bókhald og fjárreiður.

Stjórn ákveður hverjir geta bæst í hóp hollvina. Stjórn skal leggja fram lista yfir hollvini til upplýsingar fyrir aðalfund á hverju ári.

7. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Aðalfundur fulltrúaráðsins skal haldinn árlega og skal hann haldinn á fyrsta ársþriðjungi ár hvert nema sérstakar ástæður hamli því. Rétt til setu á aðalfundi og atkvæðisrétt á fundinum eiga hollvinir. Stjórn AFS á Íslandi og framkvæmdastjóra samtakanna er heimilt að sitja fundinn án atkvæðisréttar.

Á aðalfundi skal taka eftirfarandi til afgreiðslu:

1. Skýrslu stjórnar um starfsemi stofnunarinnar síðastliðið starfsár sem innihalda skal upplýsingar um styrkveitingar hennar.
2. Ársreikning stofnunarinnar fyrir liðið starfsár sem lagður er fram til staðfestingar.
3. Tillögu stjórnar um fjárfestingastefnu stofnunarinnar sem lögð er fram til staðfestingar.
4. Tillögu stjórnar um árgjald hollvina á komandi rekstrarári sem lögð er fram til staðfestingar.
5. Kosningu stjórnarmanna.
6. Kosningu löggilts endurskoðanda.

Önnur mál, sem aðalfundi er falið að taka ákvörðun um samkvæmt skipulagsskrá þessari eða sem borin hafa verið löglega fram eða fundurinn samþykkt að taka til meðferðar.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Hollvini AFS á Íslandi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 17. febrúar 2022,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 3. mars 2022